

Alþingi
Erindi nr. P 136/10S3
komudagur 6.3.2009

Arnþór Helgason
Tjarnarbóli 14
170 Seltjarnarnesi.
Símar: 5611703, 8973766
Netfang: arnthor.helgason@slmnet.is

Seltjarnarnesi, 5. mars 2009.

Nefndasvið Alþingis, Allsherjarnefnd,
Alþingi við Austurvöll,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um
kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Ég undirritaður hef farið ítarlega yfir frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis, samanber þskj. 622 — 368. mál. Að óbreyttu er hætt við að frumvarpið skerði réttindi þeirra kjósenda sem eru blindir eða sjónskertir.

Til þess að tryggja réttindi þessa hóps og aðgengi að þeim upplýsingum sem birtar eru á kjörseðli, er nauðsynlegt að huga að ákveðnum, tæknilegum atriðum. Lagt er til að málinu verði frestað og leitað leiða í samráði við samtök fatlaðra til þess að tryggja áður greindan rétt.

Að öðrum kosti er lagt til að á eftir orðinu "listabókstöfum" í 47. gr. 1. mgr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 með síðari breytingum bætist við orðin "og tölustöfum". Þar með er gert ráð fyrir að blint fólk geti nýtt sér stimpla til þess að skrá röð frambjóðenda á þann lista sem atkvæðið hlýtur og sama hátt og bókstaf listans.

Jafnframt telur undirritaður nauðsynlegt að breyta 81. gr. laganna til samræmis við auknar heimildir sem felast í frumvarpinu, samanber 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um breytingar á 82. gr. laganna.

Þá þarf einnig að breyta skilgreiningum á spjaldi með blindraetri sem tilskilið er samkvæmt lokamálsgrein 81. gr, samanber tillögu við 47. gr. og ákvæði 82. gr. laganna.

Að lokum skal bent á að blindu, lesblindu eða sjónskertu fólki er í raun gert ókleift að nýta sér rétt sinn til þess að endurraða frambjóðendum á öröðuðum listum miðað við núgildandi lög og samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verður þar engin breyting á. Kjörseðlar með nöfnum frambjóðenda eru hvorki með blindraetri eða með öðrum hætti þannig útbúnir að þessir hópar geti kynnt sér

þessar upplýsingar. Það má því vera enn ljósara en áður að fyrirhugaðar breytingar, sem lagðar eru til samkvæmt frumvarpinu, svara einungis að takmörkuðu leyti þeirri kröfu að tryggt verði aðgengi allra hópa að upplýsingasamfélaginu.

Íslendingum gefst nú einstakt tækifæri til að verða í fararbroddi um framfarir í þessum málum og sjá til þess að ákvæði sáttmála SP um réttindi blindra og sjónskertra verði um leið virt.

Virðingarfyllst,

Arnbór Helgason

Arnbór Helgason
fv. formaður og
framkvæmdastjóri
Öryrkjabandalags Íslands
og varaformaður
Blindrafélagsins